



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Börkur Ottóson
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs
Ráðhús Dalvíkur
620 Dalvík

8. janúar 2020
MÍ201912-0042/ 6.09 / S.G.

Efni: Hóla- og Túnahverfi – aðal- og deiliskipulagsbreyting

Með bréfi dagsett 10. desember 2019 óskaði sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu Hóla- og Túnahverfis á Dalvík, dagsett 31. maí 2019. Minjavörður hafði samband og fékk frest frammyfir áramót til að skila umsögn þessari.

Fornleifaskráning hefur verið unnin á Dalvík (Adolf Friðriksson o.fl. 2000. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðan Svarfaðardal inn að Klaufabrekku*. Fornleifastofnun Íslands, FS116-99091). Engar minjar eru þar skráðar innan skipulagssvæðisins.

Fyrirliggjandi fornleifaskráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um vettvangsskráningu menningarminja á deiliskipulagsstigi. Skipulagslýsing barst ekki til Minjastofnunar í undanfara tillögunnar, en eðlilegra hefði verið að meta þörf á fornleifaskráningu á því stigi.

Ekki er möguleiki á að skoða svæðið á vettvangi núna vegna snjóalaga en á loftmyndum af svæðinu má sjá greinilegar minjar á nýrri lóð Hringtún 20-22. Minjastofnun getur því ekki samþykkt þessa tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi. Hér með er lagt til að annaðhvort fella þessa nýju lóð út úr skipulaginu eða bíða þar til snjóa leysir og þá getur Minjavörður skoðað svæðið á vettvangi. Ef fornleifar koma í ljós við þá úttekt þarf mögulega að breyta skipulagi eða ráðast í mótvægisáðgerðir.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

Skipulagsstofnun